

Bráða- og viðbragðsteymi vegna ofbeldis meðal barna

Púlsinn - bráða- og viðbragðsteymi er fyrir börn á aldrinum 10–18 ára sem beita eða hóta líkamlegu ofbeldi og fjölskyldur þeirra. Púlsinn er samstarfsverkefni sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og Barna- og fjölskyldustofu.

Skóli, félagsmiðstöð, félags- og barnaverndarþjónusta, lögregla og aðrir sem veita börnum þjónustu geta virkjað Púlsinn. Hann starfar tímabundið í máli hvers barns, allt frá nokkrum dögum upp í nokkrar vikur, í samstarfi við lögheimilissveitarfélag.

Markmið Púlsins er að bregðast hratt við ofbeldishegðun, veita barni og fjölskyldu stuðning og afstýra hættu á frekara ofbeldi. Í Púlsinum starfa félagsráðgjafar og sálfræðingur, auk einstaklingsráðgjafa og annars starfsfólks sem veitir börnum og fjölskyldum þeirra stuðning.

Ofbeldi þarf að hafa verið beitt af ásetningi til að Púlsinn komi að málum og þjónusta teymisins er sniðin að þörfum hvers barns fyrir sig. Þjónustan getur meðal annars falið í sér uppeldisráðgjöf inn á heimili, stuðning á skólatíma, tímabundna þjónustu utan skóla á skólatíma, einstaklingsstuðning og sálfræðiþjónustu, ýmist fyrir börnin sem fá þjónustu í teyminu eða fjölskyldur þeirra.